
Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi

**Vifill Karlsson, hagfræðingur
Guðný Anna Vilhelmsdóttir, viðskiptafræðingur**

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími: 4371318
Fax: 4371494
Heimasíða www.ssv.is
Tölvufang: ssv@ssv.is

ISSN 1670-7923

Skýrsla SSV

nr. 1 2008
Apríl 2008



1 Samantekt

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum spurningakönnunarinnar:

Búsetuskilyrði

- ✓ Vestlendingar eru almennt töluvert ánægðari með búsetuskilyrði í sinni heimabyggð en í sambærilegri könnun sem gerð var fyrir þremur árum.
- ✓ Mikil ánægja var með **friðsæld, nálægð við fjölbreytta náttúru, almennt öryggi, gott mannlíf, og greiða umferð.**
- ✓ Búsetuskilyrði sem Vestlendingar töldu að þyrftu að lagast voru **launatekjur, framfærslukostnaður, atvinnutækifæri (úrval), tækifæri til afþreyingar og almenningssamgöngur.**
 - Á Akranesi og í Hvalfirði voru launatekjur efst á blaði af þeim þáttum sem þyrfti að bæta. Sama gilti um Borgarfjörð. Íbúum á Snæfellnesi þótti mikilvægast að lækka vöuverð og í Döllum voru betri fjaraskipti efst á blaði.

Búseta

- ✓ Svarendum fannst almennt mjög eða frekar gott að búa á Vesturlandi. Á Akranesi og í Hvalfirði voru 98% þessarar skoðunar, 93% í Borgarfirði, 91% á Snæfellsnesi og 77% í Döllum.

Brottflutningur

- ✓ 7% svarenda á Akranesi telja það mjög eða frekar líklegt að þeir flytji á næstu tveimur árum, á Borgarfjarðarsvæðinu telja 19% það mjög eða frekar líklegt, á Snæfellsnesi er hlutfallið 17% og í Dölunum er hlutfall þeirra 14%. Mikill fjöldi háskólanemenda í Borgarfirði útskýrir hátt hlutfall þar og skerðing þorskkvóta á Snæfellsnesi.

Kvótaskerðingin síðastliðið haust

- ✓ 24% svarenda á Snæfellsnesi telja kvótaskerðinguna sl. haust hafa mjög eða frekar mikil áhrif á hugsanlegan brottflutning þeirra af svæðinu “á næstunni” en miklu færri á öðrum svæðum.

Menntun íbúanna

- ✓ Fjöldi íbúa með háskólamenntun mjög áþekkur í Borgarfirði, Akranesi og Hvalfirði eða í kringum 25% af fólk í aldrinum 18-74 ára. Á Snæfellsnesi er hlutfallið 18% með háskólamenntun og 14% í Döllum.

Símenntun

- ✓ Rúmur helmingur svarenda hefur sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun sl. 2 árin. Í kringum 30% svarenda hefur varið meira en 7 dögum í slíkt nám og tæplega 20% hefur varið 1 – 7 dögum í slíkt nám.

Samgöngubætur

- ✓ Sundabraud var talin mikilvægasta samgöngubót Vestlendinga að þeirra mati. Tvöföldun Vesturlandsvegar kom þar á eftir í mikilvægi. Þessi sjónarmið eru mest áberandi á Akranesi, í Hvalfirði og Borgarfirði. Í Dölunum er malbikun malarvega mikilvægasta samgöngubótin og fækkan einbreiðra brúa kemur þar á eftir. Viðhorf Snæfellinga fellur mitt á milli þessara tveggja sjónarmiða.

2 Inngangur

Vaxtarsamningur Vesturlands er tilefni þessarar rannsóknar. Ráðist var í þessa spurningakönnun til að meta menntunarstig svæðisins. Til þess að nýta betur vinnuna var ráðist í, haustið 2007, að kanna hvaða þættir það eru sem Vestlendingar telja sjálfir hafa mest áhrif á áframhaldandi búsetu þeirra á svæðinu auk nokkura annarra atriða sem áhugavert þótti að taka með.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Skýrsla þessi er unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Höfundar skýrslunnar eru Vífill Karlsson og Guðný Anna Vilhelmsdóttir. Guðrún Ólafsdóttir kom einnig að vinnslu rannsóknarinnar og frágangi hennar.

3 Aðferð og gögn

Spurningakönnunin, sem var póstkönnun, var framkvæmd á meðal íbúa á Vesturlandi. Vesturlandi var skipt upp í 4 mismunandi svæði. Svæðin voru Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjörður, Snæfellsnes og Dalir. Akranes og Hvalfjarðarsveit mynduðu eitt svæði, Borgarbyggð og Skorradalshreppur, Dalabyggð var eitt svæði önnur sveitarfélög féllu undir svæði Snæfellsness.


Tilvjunarkennt úrtak var tekið úr þjóðskrá. Úrtakið var á meðal allra íbúa sem náð höfðu 18 ára aldri. Þar sem búist var við lítill svörun á meðal ákveðins hóps innflyttjenda (nýbúa) var úrtakið stækkað lítið eitt (ca. 5%). Reynt var að hafa úrtakið nægjanlega stórt til þess að svörunin endurspeglar viðhorf íbúanna á viðkomandi svæðum með nokkuð areiðanlegum hætti.

Tafla 1: Yfirlit úrtaks og þýðis

Svæði	Sveitarfélög	Mannfjöldi 1. des	18 ára +	Úrtak	Svör	Svar- hlutfall
Akranes og Hvalfjörður	Akranes og Hvalfjarðarsveit	7.028	5.085	420	142	33,8%
Borgarfjörður	Borgarbyggð og Skorradalshreppur	3.802	2.748	400	143	35,8%
Snæfellsnes	Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafelssveit og Stykkishólmsbær	3.912	2.891	400	131	32,8%
Hvalfjarðarsveit Óskilgreint	Hvalfjarðarsveit	710	538	275	90	32,7%
Vesturland		15.452	11.262	1495	543	36,3%

Endanlegt svarhlutfall var í kringum 36%. Vægi svara var í nokkru samræmi við vægi úrtaks, nema helst í Borgarfirði þar sem það var heldur hærra og á Snæfellsnesi var það heldur lægra. Skipting svarenda eftir kyni, uppruna og aldri hefði geta endurspeglad betur hina raunverulegu dreifingu á viðkomandi svæðum á Vesturlandi. Það verður að hafa í huga við túlkun svara. Þrátt fyrir þennan galla má segja að svörin endurspegli viðhorf á viðkomandi svæðum með viðunandi hætti.

4 Mannfjöldi á Vesturlandi



Mynd 1: Mannfjöldi á Vesturlandi árin 1971-2007: Byggt á tölu Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar

Íbúaþróun er ákaflega misjöfn á Vesturlandi frá árinu 1971. Þegar horft er á tímabilið allt þá fylgar íbúum í Borgarfirði, á Akranesi og í Hválfirði en fækkar lítið eitt á Snæfellsnesi og all nokkuð í Döllum. Almennt má segja að íbúaþróun sé nokkuð jákvæð fyrsta áratug þessa tímabils en síðan gefur hún eftir alveg fram undir aldamót. Þá verður viðsnuningur sem haldist hefur óslitinn á syðstu svæðunum en nær sér aldrei á flug á hinum tveimur.

Þessi þróun og mismunur á milli svæða tengist væntanlega ýmsum þáttum. Þar má nefna fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, endurskipulagningu í hefðbundnum sjávarútvegi og landbúnaði, uppbyggingu á Grundartanga auk miklum vexti tveggja háskóla í Borgarfirði.

5 Niðurstöður spurningakönnunar

Fyrst verður greint frá spurningum sem tengjast búsetuskilyrðum. Þar voru svarendur spurðir hver staðan væri á eftirfarandi þáttum í þeirra byggðarlagi. Þættirnir voru:

- ✓ Fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, möguleikar á eigin atvinnurekstri, launatekjur, vöruberð, framboð á íbúðarhúsnaði til kaups, framboð á húsnæði til leigu, námsmöguleikar á háskólastigi, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, framfærslukostnaður, vörumerð og þjónustuúrvall, tækifæri til afþreyingar, vegakerfi, almenningssamgöngur, gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana, gæði grunnskóla, gæði leikskóla, gæði framhaldsskóla, tækifæri til íþróttalag og tómstundaiðkunar, farsímasamband í sveitarfélagini, nettengingar í sveitarfélagini, nálægð við fjölbreytta náttúru, friðsæld, greið umferð, umferðaröryggi, gott mannlíf, almennt öryggi, menningarlíf.

Þessa þætti mætti setja í eftirfarandi yfirflokk:


- ✓ **Vinnumarkað:** Fjölbreytt atvinnulíf, atvinnuöryggi, möguleikar á eigin atvinnurekstri, launatekjur.
- ✓ **Eignamarkað:** Framboð á íbúðarhúsnaði til kaups, framboð á húsnæði til leigu.
- ✓ **Vöru- og þjónustumarkað:** Framfærslukostnaður, vöruberð, vörumerð og þjónustuúrvall.
- ✓ **Grunngerð:** námsmöguleikar á háskólastigi, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, tækifæri til afþreyingar, vegakerfi, almenningssamgöngur, gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana, gæði grunnskóla, gæði leikskóla, gæði framhaldsskóla, tækifæri til íþróttalag og tómstundaiðkunar, farsímasamband í sveitarfélagini, nettengingar í sveitarfélagini.
- ✓ **Staðbundna sérstöðu:** Nálægð við fjölbreytta náttúru, friðsæld, greið umferð, umferðaröryggi, gott mannlíf, almennt öryggi, menningarlíf.

Í þessari spurningu gafst svarendum kostur á að velja á milli 5 svarmöguleika þegar stöðu búsetuskilyrðanna var lýst: mjög slæm, slæm, hvorki/né góð mjög góð.

Í framhaldi af þessu var spurt hvaða eftirfarandi þættir skiptu miklu eða litlu um áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu og voru þá sömu þættir taldir upp að nýju og svarendum gafst nú kostur á að velja á milli 5 svarmöguleika sem voru allt frá mjög litlu að mjög miklu.

Svörin við þessum tveimur spurningum um sömu 28 þætti búsetuskilyrða gáfu tækifæri til að greina hverjir þeirra vega þyngst á vogarskálinni fyrir áframhaldandi búsetu núverandi íbúa á svæðinu.

Unnin voru meðaltöl á stöðu og mikilvægi þessara þátta fyrir Vesturland í heild auk svæðanna fjögurra sem þegar hefur verið lýst. Hér á eftir fer fram greining á niðurstöðunum. Fyrst verður fjallað um einstök svæði á Vesturlandi en í lokin verður reynt að taka lýsinguna saman fyrir Vesturland allt.




Mynd 2: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og í Hvalfirði

Mikilvægustu þættirnir. Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu á Akranesi og í Hvalfirði eru heilsugæsla, almennt öryggi, atvinnuöryggi, atvinnuúrvall og launatekjur, gott mannlíf, örugg umferð og greið umferð. Á þessu má sjá að þarna virðast þeir þættir sem lúta að vinnumarkaði, grunngerð og staðbundinni sérstöðu skipta mestu mál. Einnig má sjá að þættir sem tengjast öryggi eru mjög áberandi.

Verstu þættirnir. Launatekjur, tækifæri til afþreyningar, almenningssamgöngur, námsmöguleikar á háskólastigi og íbúðir til leigu eru þættir á Akranesi og í Hvalfirði sem standa hvað verst. Þá eru staða framfærslukostnaðar og möguleikar til eigin atvinnurekstrar einnig slæm en það síðara virðist ekki vera mjög mikilvægt.

Niðurstaða. Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varðar launatekjur, tækifæri til afpreyingar og framfærslukostnaður vera mest aökallandi fyrir íbúa Akraness og Hvalfjarðar af þeim þáttum sem spurt var út í.

Athygli vekur hversu mikil ánægja er með stöðu margra mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu á Akranesi og í Hvalfirði. Þarna ber sérstaklega að nefna **gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana**, almennt öryggi, gott mannlíf, friðsæld og greiða umferð. Þá mætti staða atvinnuöryggis vera betri vegna mikilvægis, bó góð sé.




Mynd 3: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Borgarfirði

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu eru friðsæld, gott mannlíf, almennt öryggi, atvinnuöryggi, örugg umferð, launatekjur. Þar á eftir koma nálægð við fjölbreytta náttúru, greið umferð, góð heilsugæsla og úrval atvinnu. Á þessu svæði virðast þeir þættir sem lúta að vinnumarkaði, grunngerð og staðbundinni sérstöðu skipta mestu máli. Einnig má sjá að þættir sem tengjast öryggi eru mjög áberandi. Þetta er í rauninni sömu megin niðurstöður og á Akranesi og í Hvalfirði.

Verstu þættirnir: Launatekjur, vegakerfi, tækifæri til afþreyningar, framfærslukostnaður og nettengingar (internet), almenningssamgöngur og íbúðir til leigu eru þættir á Borgarfirði sem standa verst og þeir tveir síðustu lang verstir en þeir eru taldir upp síðast vegna þess að mikilvægi beirra er lang síst varðandi áframhaldandi búsetu á viðkomandi stað.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varða launatekjur, vegakerfi og nettengingar vera mest aðkallandi fyrir íbúa Borgarfjarðar af þeim þáttum sem spurt var út í. Vægi vegakerfis og nettenginga er trúlega mest aðkallandi fyrir íbúa dreifbýlisins einkum vegna þess að staða þessara þáttta er mjög góð þegar horft er til þéttbýliskjarnanna, þ.e. Borgarness, Bifrastar og Hvanneyrar og þá sérstaklega þegar horft er til nettenginga.

Athygli vekur hversu mikil ánægja er með stöðu margra mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu á viðkomandi stað. Þarna ber sérstaklega að nefna **friðsæld**, **nálægð við fjölbreytta náttúru**, **gott mannlif** og **almennt öryggi**.




Mynd 4: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Snæfellsnesi

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu eru gott mannlif, almennt öryggi og atvinnuöryggi. Þar á eftir koma friðsæld, örugg umferð, góð heilsugæsla, atvinnuúval, launatekjur, nálægð við fjölbreytta náttúru, greið umferð, góð heilsugæsla og úval atvinnu. Á þessu svæði virðast þeir þættir skipta mestu máli sem lúta að vinnumarkaði, grunngerð og staðbundinni sérstöðu. Einnig má sjá að þættir sem tengjast öryggi eru mjög áberandi. Þetta er í rauninni sömu megin niðurstöður og í Borgarfirði, Akranesi og Hvalfirði þó svo að áherslan sé á aðra þætti.

Verstu þættirnir: Vöruverð, úrval atvinnu, launatekjur, framfærslukostnaður, vöruúrval, tækifæri til afþreyingar, möguleikar á eigin atvinnurekstri, almenningssamgöngur, námsmöguleikar á háskólastigi og íbúðir til leigu eru þættir á Snæfellsnesi sem standa verst og þeir tveir síðustu lang verstir en þeir eru taldir upp síðast vegna þess að mikilvægi þeirra er lang síst varðandi áframhaldandi búsetu á viðkomandi stað.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varða launatekjur, vegakerfi og nettengingar (internet) vera mest aðkallandi fyrir íbúa á Snæfellsnesi af þeim þáttum sem spurt var út í.

Athygli vekur hversu mikil ánægja er með stöðu margra mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu á viðkomandi stað. Þetta á sérstaklega við þætti eins og **friðsæld**, **almennt öryggi**, **gott mannlíf**, **örugg umferð** og **nálægð við fjölbreytta náttúru**.




Mynd 5: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Döluum

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu eru gott mannlíf, góðar nettengingar (internet), friðsæld, almennt öryggi, örugg umferð og gott farsímasamband. Þar á eftir koma nálægð við fjölbreytta náttúru, greið umferð, launatekjur, vöruverð, vegakerfi og atvinnuöryggi. Í Döluum virðast þeir þættir skipta mestu máli sem lúta að vinnumarkaði, grunngerð og staðbundinni sérstöðu. Einnig má sjá að þættir sem tengjast öryggi eru mjög áberandi. Staða á vörumarkaði virðist einnig skipta nokku máli. Þetta er í nokkrum takti við það sem tíundað hefur verið varðandi hin svæðin í öllum megin atriðum þó svo áherslan sé misjöfn þegar horft er til einstakra þátta.

Verstu þættirnir: Farsímasamband, góðar nettengingar, vöruverð, námsmöguleikar á háskólastigi, námsmöguleikar á framhaldsskólastigi, gæði framhaldsskóla, launatekjur, vöruúrvall, úrvall atvinnu, almenningssamgöngur, framfærsla, afþreyning og vegakerfi. Þar á eftir koma íbúðir til kaups og leigu auk möguleikar til eigin atvinnurekstrar, tækifæri til íþróttar og tómstundaiðkunar og menningarlíf. Þessi upptalning snertir alla yfirflokk búsetuskilyrðanna sem nefndir voru hér að framan.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varða farsímasamband, nettengingar (internet), vöruverð, launatekjur, vöruúrvall, atvinnuúrvall, framfærsla og vegakerfi vera mest aðkallandi fyrir íbúa í Döluum af þeim þáttum sem spurt var út í. Þá eru úrbætur í öðrum þáttum ekki eins aðkallandi þó staða þeirra sumra mætti vera mun betri.

Athygli vekur hversu mikil ánægja er með stöðu tveggja mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu í Döluum. Það eru **friðsæld** og **nálægð við fjölbreytta náttúru**.



Mynd 6: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi

Mikilvægustu þættirnir. Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu eru friðsæld, nálægð við fjölbreytta náttúru, almennt öryggi, gott mannlíf, gæði heilsugæslu og sjúkrastofnana, örugg umferð, atvinnuöryggi, atvinnuúrvall og launatekjur. Á þessu má sjá að þeir þættir sem skipta mestu máli eru þættir sem lúta að vinnumarkaði, grunngerð og staðbundinni sérstöðu. Einnig má sjá að þættir sem tengjast öryggi eru mjög árberandi.

Verstu þættirnir. Launatekjur, framfærslukostnaður, atvinnuúrvall, afþreying, almenningssamgöngur, námsmöguleikar á háskólastigi og íbúðir til leigu eru þættir á Vesturlandi sem standa hvað verst.


Niðurstaða. Mikilvægi priggja fyrstu þáttanna er mest og eru því mest aðkallandi. Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur er varða launatekjur, vörverð, framfærslukostnað, atvinnutækifæri (úrvall), tækifæri til afþreyingar og almenningssamgöngur vera mest aðkallandi fyrir íbúa á Vesturlandi af þeim þáttum sem spurt var út í. Þá eru úrbætur er varða framboð á húsnæði til leigu og námsmöguleikar á háskólastigi ekki eins aðkallandi þó staða þeirra mætti vera mun betri.

Athygli vekur hversu mikil ánægja er með stöðu margra mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu á viðkomandi stað. Þarna ber sérstaklega að nefna **friðsæld, nálægð við fjölbreytta náttúru, almennt öryggi, gott mannlíf, og greið umferð.**

Á haustdögum ársins 2004 var sambærileg könnun gerð. Þættirnir voru nokkuð færri í þeirri könnun en almennt komu þeir verr út en í þetta skiptið (Viðauki 1). Því má með nokkurri vissu segja að uppbygging á Vesturlandi sem ráðist hefur verið í að undanförunu hafi mælst vel fyrir.


Í ljósi þessara upplýsinga er áhugavert að rifja upp spurningakönnun (Hafdís Anna Bragadóttir og félagar, 2007) sem unnin var á sama tíma af nemendum af Bifröst. Þar voru konur sem flutt höfðu

frá höfuðborgarsvæðinu á Suðurland eða Suðurnes, síðastliðin 5 ár, spurðar út í ástæður fyrir brottflutningi þeirra. Megin ástæður voru einkum húsnæðisverð, barnvænna umhverfi og streitivaldar borgarinnar. Einnig var nálægð við ættingja á viðkomandi svæðum auk nálægðar við borgina einnig nefnt, jafnvel þó ekki væri vilji til að búa í höfuðborginni. Þá skiptu góðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið og nálægð við náttúruna miklu máli þegar ákvörðun var tekin um flutning í annan landshluta. Áhersla síðara þáttarins er athyglisverður þar sem íbúar á Vesturlandi voru sammála um mikilvægi náttúrunnar fyrir áframhaldandi búsetu og voru alltaf ánægðir með hana á Vesturlandi. Þá voru svarendur spurðir hvort það hefði komið til greina að flytja á Vesturland þegar ákvörðun var tekin um að flytja á Suðurland eða Suðurnes. Eingöngu 18% svarenda svöruðu því játandi. Þeir sem svöruðu játandi sáu nálægð við höfuðborgarsvæðið sem helsta kostinn. Þeir sem svöruðu neitandi töldu helst fjarvera vina og ættingja, fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og kostnað við Hvalfjarðargöng helstu ástæður gegn því.




Mynd 7: Aldursdreifing svarenda

Skipting svörunar á milli aldurshópa (Mynd 7) hefði geta verið í betra samræmi við raunverulega aldursdreifingu íbúa á Vesturlandi almennt sem sést hér að neðan (Mynd 8). Almennt má segja að það halli á yngra fólkioð í svöruninni á öllum svæðum. Þá hallar frekar á eldra fólkioð á Akranesi og í Hvalfirði auk Borgarfjarðar. Óvenju mikil þátttaka er hjá eldri borgurum í Döllum. Athygli vekur að aldursdreifingin er í einna besta samræmi við hina raunverulegu aldursdreifingu á Snæfellsnesi og að nokkru leyti í Borgarfirði.



Mynd 8: Aldursdreifing íbúa á Vesturlandi sem voru eldri en 18 ára 1. des 2007

Ástæða bessarar skekkju á milli aldurshópa er af ýmsum toga. Í fyrsta lagi er töluvert af ungu fólk skráð í þessum sveitarfélögum án bess að búa þar. Þetta er þekkt mynstur úti á landi þar sem ungt fólk er ennþá skráð í foreldrahúsum þar til það lýkur námi eða stofnar til fjölskyldu. Auk þess er unga fólkini hættara við að gefa samfélagsmálum síður gaum heldur en því eldra, þar til það fer út á vinnumarkaðinn eða stofnar fjölskyldu. Þetta tvennt kann að draga úr svörum unga fólksins.



Mynd 9:: Fjöldi barna á heimili


Engin börn voru á flestum heimilum Vesturlands. Mikill munur er á milli svæða á Vesturlandi hvort börn eru á heimilunum eða ekki. Á Akranesi og í Hvalfirði eru hlutfallslega fæst heimili án barna en í Dölum eru hlutfallslega flest heimili án barna. Eitt barn var á heimilum tæplega 20% svarenda. Tvö börn voru á álíka mörgum heimilinum. Lítill munur er á milli svæða hvað það varðar, nema kannski helst í Dölunum þar sem miklu færri heimili eru með fleiri en eitt barn. Í Dölum eru 2 börn eingöngu á 11% heimila á meðan það eru nærrí 20% á hinum svæðunum. Í Dölum eru 3 börn á 3% heimila en nærrí 12% á hinum svæðunum þremur.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir árið 2007 eru börn á um 30% heimila á öllum svæðum Vesturlands nema í Dölum. Þar eru börn á um 22% heimila. Skekkja vegna ungs fólks og eldri borgara sem nefnd var hér að framan í kaflanum um aldurs dreifingu kann að útskýra hvers vegna vægi barnafjölskyldna er hærra í svörum en í tölum Hagstofunnar. Aðalskýringin er hins vegar að finna í tölum Hagstofunnar sem henta illa útreikningum af þessu tagi¹.

¹ Hagstofa Íslands á erfitt með að meta hvenær börn flytja úr foreldrahúsum. Þess vegna telur hún einstaklinga sjálfkrafa flutta frá foreldrum þegar þeir verða 18 ára gamli í viðkomandi talnasafni. Hafi þeir þá þegar ekki gengið í hjónaband, farið í sambúð eða búa einir með börnum sínum eru þeir sjálfkrafa taldir til þeirra sem búa einir.

Þess má geta að börn eru á 27% heimila þegar horft er til landsins alls. Því má segja að það séu börn á hlutfallslega fleiri heimilum á öllum svæðum nema Dölm í samanburði við landið allt. Ef horft er til einstakra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þá eru einungis börn á 25% heimila í Reykjavík. Þá eru börn á mun fleiri heimilum í Mosfellsbæ, Álfarnesi og Hafnarfirði heldur en á einstaka svæðum á Vesturlandi eða 36% í Mosfellsbæ, 40% á Álfarnesi, 37% í Hafnarfirði. Í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er þetta mjög svipað. Það eru sveitarfélögin Kópavogur, Seltjarnarnes og Garðabær. Þessar tölur eru allar með fyrrgreindu vanmati.


Þegar horft var til Suðurnesja og á Suðurland var hlutfall barnafjölskyldna í þeim öllum mjög svipað og á Vesturlandi nema í Grindavík og Vatnsleysustrandarhreppi. Þar var það 4 prósentustigum hærra.



Mynd 10:: Hjúskaparstaða íbúa á Vesturlandi

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda er í hjónabandi eða sambúð en aðeins í kringum 20% þeirra eru einhleypir. Lítill sem enginn munur er á milli svæðanna hvað þetta snertir.


Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru 44% landsmanna, 18 ára og eldri, einhleypir. Þessar tölur eru ekki til fyrir sveitarfélög. Samkvæmt þessu er óvenju lágt hlutfall einhleypra á meðal svarenda í könnuninni ef þetta hlutfall er eitthvað svipað á Vesturlandi og á landsvísu. Þetta er þó trúlega ekki rétt ef haft er í huga hversu lágt hlutfall ungs fólks var meðal svarenda.



Mynd 11: Fæðingarland svarenda eftir búsetu á Vesturlandi


Í úrtakinu var hlutfall erlendra íbúa frá 5 – 12% eftir sveitarfélögum, lægst í Dölunum en hæst á Snæfellsnesi. Svarhlutfall þessa hóps var ekki hátt. Tungumálaörðugleikar geta verið ráðandi þáttur í því. Þetta kann líka að endurspeglar þann hluta innflytjenda sem búið hefur hér í skamman tíma og hyggur ekki enn á búsetu til frambúðar. Þeir íbúar sem sjá fram á að búa skamman tíma í sveitarfélagini láta síður að sér kveða í spurningakönnunum sem þessum. Þess utan eru nýir íbúar alltaf nokkurn tíma átta sig á því hvernig þeim líkar, átta sig á aðstæðum og öðlast samkennd. Á mynd 11 má sjá fæðingarland svarenda eftir búsetu á Vesturlandi og sjá má að aðeins lítt hluti svarenda er fæddur utan Íslands. Athygli vekur að enginn þeirra er fæddur utan Evrópu.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands þá var hlutfall útlendinga 10% á Snæfellsnesi árið 2007, 7% í Borgarfirði, 6% á Akranesi og 5% í Dölum. Hlutfallið var 7% að jafnaði á landinu öllu og hefur hækkað undanfarin ár.



Mynd 12: Meðaltími búsetu á Vesturlandi

Svarendur hafa búið nokkuð lengi á Vesturlandi, eða í kringum 30 ár að jafnaði. Þetta er þó nokkuð mismunandi eftir svæðum innan Vesturlands. Þeir hafa búið styst á Borgarfjarðarsvæðinu eða 23 ár og lengst í Dölunum og á Akranesi 36 ár. Fjöldi háskólanema í Borgarfirði útskýrir að einhverju leyti þennan mun. Þá er búseta styttri á Snæfellsnesi heldur en í Dölu, Akranesi og Hvalfirði. Hátt vægi sjávarútvegs á Snæfellsnesi samhlíða samdrætti í greininni þegar til lengri tíma er litið virðist hafa fælt íbúa frá. Hins vegar hafa styttri og minni vaxtatímabil skotið upp kolinum á milli og þrálátum brotflutningi mætt með erlendu vinnuafli þegar heimamenn hafa ekki lengur hrokkið til. Því kann meðaltími búsetu að hafa lækkað meira í byggðarlögum við sjávarsíðuna en annars staðar þar sem sveiflur í ytri aðstæðum voru meiri.




Mynd 13: Heildartekjur fyrir skatta á mánuði á Vesturlandi

Þegar heildartekjur á hvern vinnandi mann fyrir skatta á mánuði eru skoðaðar sést að Akranes og Hvalfjörður skera sig úr með heildartekjur 320.000 krónur að jafnaði. Á hinum svæðunum þremur eru tekjurnar 245.000 þúsund krónur á Borgarfjarðarsvæðinu, 248.000 þúsund krónur á Snæfellsnesi og 221.000 þúsund krónur í Dölunum.

Athygli vekur hvað tekjur á Snæfellsnesi eru lágar í samanburði við hin svæðin, einkum í sögulegu samhengi. Tekjur hafa verið hæstar á Akranesi og á Snæfellsnesi til margra ára vegna öflugs sjávarútvegs. Samkvæmt þessum tölum virðist Snæfellsnes hafa misst þetta forskot sem það hafði í heildartekjum á hvern vinnandi mann um langt árabil á mörg önnur landsvæði. Ekki er vitað nákvæmlega um orsakirnar, en lakari afkoma í sjávarútvegi þessi misserin og ehf. væðingin² svokallaða koma væntanlega þar við sögu.


² Ehf. væðingin gekk út á að fjöldi einyrkja hættu að gera rekstur sinn upp á eigin kennitölu og stofnuðu einkahlutafélög vegna hagstæðrar skattmeðhöndlunar. Af þessum sökum lækka skattalegar tekjur viðkomandi einstaklings a.m.k. sem nemur hagnaði rekstrarins.



Mynd 14: Almennt viðhorf gagnvart búsetu á Vesturlandi

Að mati svarenda var almennt mjög eða frekar gott að búa á Vesturlandi, en 98% íbúa á Akranesi og í Hvalfirði eru á þessari skoðun, 93% í Borgarfirði, 91% á Snæfellsnesi en 77% í Döllum. Því má segja að svarendur búsettir í Dalasýslu skeri sig úr en 23% þeirra svara hvorki né eða frekar slæmt að búa á Vesturlandi á meðan að hlutfall svarenda með þessa afstöðu er mjög lágt á hinum þremur svæðunum.


Í ímyndarkönnun (Grétar Þór Eyþórsson og félagar, 2007) sem framkvæmd var fyrir rúmu ári síðan fyrir Vesturland voru svarendur spurðir hvort það kæmi til álita að búa á Vesturlandi (bls. 30) en 21,1% svarenda voru mjög eða frekar sammála að það kæmi til álita á Akranesi og nágrenni, 36,4% í Borgarfirði, 21,6% á Snæfellsnesi og 12,3% í Döllum. Þegar þessi svör voru greind eftir svæðunum þremur, höfuðborgarsvæðið, Vestfirðir og Norðurland Vestra, var þriðjungur þeirra af höfuðborgarsvæðinu. Aldur svarenda hafði nokkur áhrif á svörunina. Eldri svarendur tóku frekar undir að það kæmi til álita að búa á Vesturlandi heldur en yngri. Auknar líkur voru á undirtektum eftir því sem svarendur urðu eldri.



Mynd 15: Brottflutningur frá Vesturlandi á næstu tveimur árum

Þegar svarendur voru beðnir að gera grein fyrir afstöðu sinni varðandi hvort þeir telji líklegt að þeir flytji frá Vesturlandi á næstu tveimur árum sést að 7% svarenda á Akranesi telja það mjög eða frekar líklegt, á Borgarfjarðarsvæðinu telja 19% það mjög eða frekar líklegt, á Snæfellsnesi er hlutfallið 17% og í Dölunum er hlutfall þeirra 14%. Þetta verður að teljast óvenju hátt á öllum svæðum nema á Akranesi og í Hvalfirði.


Svar Borgfirðinga er að nokkrum leyti skiljanlegt þar sem hátt hlutfall íbúanna er komið til að ná sér í háskólamenntun í Bifröst eða á Hvanneyri og flutti ekki endilega inn á svæðið með búsetu til frambúðar í huga. Langvarandi endurskipulagning og breytingar í landbúnaði kunna að skýra þetta í Dölunum. Á Snæfellsnesi kann þetta að vera í tengslum við 30% þorskkvótarkerðingu sem tók gildi á núverandi fiskveiðíári, eða frá því í september sl. haust. Þetta svar var að nokkrum leyti í samræmi við væntingar og þess vegna var ráðist í að spyrja svarendur beint út í áhrif kvótarkerðingarinnar á hvort svarendur teldu þeir flytta búferlum á næstunni.



Mynd 16: Áhrif 30% niðurskurður á þorskkvóta á hugsanlega brottflutning "á næstunni"?

Þegar svarendur voru inntir eftir því hvort 30% niðurskurður á þorskkvóta hefði áhrif á það hvort þeir hugsanlega myndu flytja búferlum af svæðinu "á næstunni" hafði búseta mikil áhrif á afstöðu svarenda til spurningarinnar, en 24% svarenda á Snæfellsnesi töldu það hafa mjög eða frekar mikil áhrif á hugsanlegan brottflutning þeirra af svæðinu en hins vegar hefur niðurskurðurinn lítil eða engin áhrif á hugsanlegan brottflutning á öðrum svæðum.

Þetta svar kom ekki mikið á óvart. Snæfellsnes hefur byggst upp í kringum sjávarútveg frá örði alda og þó svo það sama eigi við um Akranes þá hefur atvinnulífið þar miklu fleiri stoðir í seinni tið heldur en áður þekktist. Önnur svæði á Vesturlandi hafa litla tengingu við sjávarútveg. Þó má líka segja að niðurstaðan fyrir Snæfellsnes komi á óvart. Búist var við að lítið myndi gerast framan af haustinu og jafnvel allan veturinn. Sjávarútvegsfyrirtæki myndu veiða og vinna eins og ekkert hefði í skorist á meðan heimildir leyfðu og áhrifin kæmu ekki fram fyrr en um vorið eða haustið 2008. Hins vegar komu viðbrögðin í formi uppsagna, sölu veiðiheimilda og fiskiskipa og fjölða brottflutra strax fram á haustdögum 2007 sem ekki var til þess fallið að blása mönnum bjartsýni í brjóst.



Mynd 17: Staða á vinnumarkaði


Mikill meirihluti svarenda eru launþegar. Á Akranesi og í Hvalfirði er hlutfall þeirra 71%, á Snæfellsnes 61%, í Borgarfirði er hlutfallið 54% og í Dalasýslu er það 33%. Hlutfall atvinnurekenda er hæst í Dalasýslu eða 27% og á Borgarfjarðarsvæðinu 17%. Þetta kemur ekki á óvart. Hátt vægi bænda í Döllum og Borgarfirði, smábátasjómanna á Snæfellsnesi útskýrir þetta ásamt þeirri þróun sem átt hefur sér stað á Akranesi og Hvalfirði í átt að auknu vægi iðnaðar og þjónustu. Einnig er vægi iðnaðarmanna sem starfa sem einyrkjari líka hátt í Borgarfirði.

Hlutfall nema er hæst á Borgarfjarðarsvæðinu eða 11%, á Snæfellsnesi er það 7%, 6% í Döllum og á Akranesi og Hvalfirði er það 4%. Lágt vægi nema á Akranesi kemur að nokkru leyi á óvart. Bætt aðgengi að höfuðborgarsvæðinu hefur vissulega gert íbúum auðveldast að stunda nám þar á öllu Vesturlandi. Þaðan er nú jafnlangt frá Akranesi til Reykjavíkur og frá Borgarnesi í Bifrost. Hins vegar kunna hagstæðar aðstæður á vinnumarkaði að hafa laðað fólk þangað. Mikil uppbygging á Akranesi og Grundartanga auk nálæggðar við höfuðborgarsvæðið hafa gert aðstæður á þessu svæði einstakar. Hvergi eru laun eins há og hjá íbúum á Akranesi og í Hvalfirði og kom fram hér að framan.

Hlutfall svarenda sem eru öryrkjar er hæst í Dalasýslu eða 6%, hlutfallið er 4% á Snæfellsnesi, 3% á Borgarfjarðarsvæðinu og 2% á Akranesi og Hvalfirði. Eins og sjá má á myndinni er hlutfall svarenda sem eru án atvinnu mjög lítið eða 2% og minna.

Þá er vægi ellilífeyrisþega hátt á meðal svarenda. Það er hæst í Dölunum eða 21% en annars er það á bilinu 13-15% á hinum svæðunum.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands þá var 38% vinnumarkaðarins á landinu öllu eingöngu með grunnmenntun, 40% með nám á framhaldsskólastigi og 22% með háskólamenntun³. Hlutfall almennings á landinu öllu með grunnmenntun hefur verið nokkuð stöðugt á bilinu 38-40% síðustu áratugi. Hins vegar hefur vægi þeirra sem eingöngu hafa nám á framhaldsskólastigi lækkað á sama tíma og vægi einstaklinga með háskólamenntun hefur aukist. Það þýðir að sá sem á annað borð lýkur námi á framhaldsskólastigi er nú líklegri til að ljúka háskólamenntun heldur en áður fyrr.



Mynd 18: Menntun á Vesturlandi


Menntun fólks er sett í þrjá fyrnefnda flokka í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Hún er hins vegar í fimm flokkum í þessari rannsókn. Ef menntun er flokkuð eins og í könnunum Hagstofu Íslands þá er fjöldi íbúa með háskólamenntun mjög áþekkur í Borgarfirði, Akranesi og Hvalfirði eða í kringum 25% af fólkí á aldrinum 18-74 ára. Hins vegar eru 18% íbúanna á Snæfellsnesi með háskólamenntun og 14% í Dóllum. Þá hefur um 30% íbúa lokið grunnmenntun á suðursvæðunum tveimur, í Borgarfirði og á Akranesi og Hvalfirði, en þetta hlutfall er 42% á Snæfellsnesi og 44% í Dóllum. Hinn hluti íbúanna er eingöngu með starfs- og framhaldsmenntun sem hleypur á bilinu 40-45%, lægst á Snæfellsnesi og hæst á Akranesi og í Hvalfirði. Þessi munur er samt óverulegur.

Þá má benda á að hátt hlutfall svarenda er með grunnnám, skemmi framhaldsskólamenntun eða iðnnám að baki eða 79% í Dóllum, 73% á Snæfellsnesi, 67% í Borgarfirði og 66% á Akranesi.

Niðurstöður Hagstofunnar miðuðust við fólk á aldrinum 16-74 ára. Þess vegna eru niðurstöðurnar á Vesturlandi ekki alveg sambærilegar. Það vantar íbúa á aldrinum 16 og 17 ára í úrtak íbúakönnunarinnar auk þess sem fólk á aldrinum 75 ára og eldri var tekið með. Þar sem fólk

³ Grunnmenntun er skyldunám og nám og unglingsastigi. Starfs og framhaldsmenntun er framhaldsnám án háskólaprófs. Háskólamenntun er háskólanám sem lýkur með prófi.

á aldrinum 75 ára og eldra er fleira heldur en 16 og 17 ára einstaklingar þá er menntunarstig Vesturlands vanmetið í samanburði við tölur Hagstofunnar. Því má segja að menntunarstig á sunnanverðu Vesturlandi sé mun hærra heldur en að jafnaði á landinu öllu. Á Snæfellsnesi virðist það vera svipað en í Döllum heldur lakara, einkum ef horft er til háskólamenntunar.




Mynd 19: Sókn í sí- og endurmenntun síðastliðin 2 ár

Framboð á sí- og endurmenntun hefur aukist mjög mikið á síðustu árum. Þarna munar mestu um vaxandi þjónustu símenntunarmiðstöðvarinnar, tveggja háskóla og nokkurra framhaldsskóla á Vesturlandi, nýrri og öflugri fjarskiptatækni og áhuga flestra háskóla og margra framhaldsskóla á fjarnámi. Í könnuninni var spurt hvort viðkomandi hafi sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun á sl. 2 árum. Rúmur helmingur svarenda hefur sótt eða varið tíma í slíkt nám á sl. 2 árum. Í kringum 30% svarenda hefur varið meira en 7 dögum í slíkt nám og tæplega 20% hefur varið 1 – 7 dögum í slíkt nám.

Þetta er mikilvæg staðfesting á því að íbúar Vesturlands sitji ekki auðum höndum heldur gangi menntaveginn þegar frumframleiðslugreinar fara í gegnum mikla endurskipulagningu og fyrirsjáanlegt er að vinnuafslörf í þeim fari ekki vaxandi á næstu árum, auk þess sem atvinnuleysi er jafnan lægra á meðal þeirra sem hafa framhalds- og háskólamenntun en þeirra sem hafa eingöngu grunnmenntun (Vifill Karlsson, 2005).

Ímyndarkönnun var gerð fyrir Vesturland haustið 2006 (Grétar Þór Eyþórsson og félagar, 2007). Þar voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Norðurlandi Vestra spurðir um sýn þeirra á Vesturland. Ýmislegt athyglisvert kom í ljós í þeiri könnun. Þegar svarendur voru spurðir hvort það væri eitthvað neikvætt við Vesturland þá voru vegir og vegakerfi oftast nefnt eða 38,2% svarenda töldu þá vera í slæmu ástandi. Því var ekki úr vegi að kanna hvaða samgöngubætur voru mikilvægastar í hugum Vestlendinga. Svipaðar vísbendingar komu fram í annarri könnun (Hafdís Anna Bragadóttir og félagar, 2007) varðandi hvers vegna Vesturland kom ekki til greina þegar svarendur fluttu frá höfuðborgarsvæðinu á Suðurland eða Suðurnes. Þá var of mikil fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu önnur algengasta ástæðan.




Mynd 20: Mikilvægi á byggingu Sundabrautar á meðal 5 mögulegra upptaldra samgöngubóta

Svarendur í þessari könnun voru beðnir að gera grein fyrir afstöðu sinni varðandi mikilvægi tiltekina samgöngubóta. Greining á afstöðu eftir búsetu svarenda leiddi í ljós nokkurn mun á mikilvægi samgöngubóta á svæðinu en búseta hefur mikil áhrif á afstöðu fólks gagnvart því hvaða samgöngubót því finnst mikilvægust fyrir Vesturland.


Svarendur voru beðnir um að velja mikilvægustu samgöngubæturnar fyrir Vesturland að þeirra mati þar sem tilgreindir voru fjórar þekktar og ein að eigin vali (opin).

Íbúar svæðisins sem búa næst höfuðborgarsvæðinu töldu byggingu Sundabrautar mikilvægustu samgöngubót fyrir svæðið en mikilvægi hennar fyrir íbúana dvínar þegar fjær dregur höfuðborgarsvæðinu. Eins og sjá má á myndinni telja 67% íbúa Akraness og Hvalfjarðar að uppbygging Sundabrautar sé mikilvægasta samgöngubótin á meðan að einungis 16% íbúa Dalasýslu taka undir það.




Mynd 21: Mikilvægi á tvöföldun Vesturlandsvegar á meðal 5 mögulegra upptaldra samgöngubóta

Tvöföldun Vesturlandsvegar var næst mikilvægasta samgöngubót fyrir Vesturland að mati svarenda. En þó er eins og dragi úr mikilvægi þessarar samgöngubótar eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 22: Mikilvægi á malbikun malarvega á meðal 5 mögulegra upptaldra samgöngubóta

Afstaða svarenda snýst við þegar þeir eru beðnir að meta mikilvægi þess að malbika malarvegi svæðisins. Þá telja 47% íbúa Dalasýslu þessa samgöngubót mikilvægasta fyrir svæðið en aðeins 7% íbúa Akraness og Hvalfjarðar setja hana í fyrsta sæti.



Mynd 23: Mikilvægi á fækku einbreiðra brúa á meðal 5 mögulegra upptaldra samgöngubóta


Svipað mynthur kemur fram þegar afstaða til mikilvægis fækkunar einbreiðra brúa á svæðinu er skoðuð en þar er mikilvægi hennar mun meira í Döllum og á Snæfellsnesi en á Borgarfjarðarsvæðinu og á Akranesi og Hvalfirði. Hlutfall svarenda í Dalasýslu sem setja mikilvægi fækkunar einbreiðra brúa í fyrsta eða annað sæti er 78% en það gerir 16% svarenda á Akranesi og í Hvalfirði.

Í þessari spurningu var opinn liður þar sem svarendum gafst kostur á að nefna einhverjar aðrar samgöngubætur sem þeir teldu vera mikilvægar. Ýmislegt athyglisvert kom þar fram. Tvöföldun Hvalfjarðarganga og niðurfelling gangagjaldsins var oftast nefnt. Þá voru framkvæmdir eins og bætur á Fróðárheiði, almenn uppbygging og malbikun sveitavega, færsla á þjóðvegi um Borgarnes, þverun Álfafjarðar nefnd auk fjölda annarra samgöngubóta.

Af þessu má ráða að Sundarbraut er mikilvægasta samgöngubót Vestlendinga að þeirra mati. Tvöföldun Vesturlandsvegar kom þar á eftir í mikilvægi. Þessi sjónarmið eru mest áberandi á Akranesi, í Hvalfirði og Borgarfirði. Í Dölunum er malbikun malarvega mikilvægasta samgöngubótin og fækku einbreiðra brúa kemur þar á eftir. Viðhorf Snæfellinga fellur mitt á milli þessara tveggja sjónarmiða.

6 Viðauki 1: Könnun búsetuskilyrða 2004

Svipuð en takmarkaðri spurningakönnun var framkvæmd haustið 2004. Úrtakið var heldur minna, aðallega vegna þess að Vesturlandi var eingöngu skipt upp í 3 svæði, þau hin sömu og í núverandi könnun en þar voru Borgarfjörður og Dalir teknir saman í eitt svæði.




Mynd 24: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og í Hvalfirði: Könnun framkvæmd haustið 2004

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu eru atvinnuöryggi, góð heilsugæsla og launatekjur. Þar á eftir koma góður grunnskóli, gott úrval atvinnu, hagstætt vöruberð og vörurúrvall.

Verstu þættirnir: Háskolanám, leiguíbúðir, framfærsla, launatekjur, afþreying og vöruúrval. Þá koma atvinnuöryggi, vöruberð, almennningssamgöngur og atvinnuúrval fast á eftir.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur í launatekjum og framfærslu hafa verið mest aðkallandi fyrir íbúa Akraness og Hvalfjarðar af þeim þáttum sem spurt var út í haustið 2004.

Borgarfjarðarsvæði & Dalir




Mynd 25: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Borgarfjarðarsvæði og Dalir: Könnun framkvæmd haustið 2004

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu í Borgarfirði og Dölum eru góð heilsugæsla, gott vegakerfi, hagstætt vöruberð, atvinnuöryggi og launatekjur. Þar á eftir koma góður grunnskóli, gott úrvall atvinnu, og vöruúrvall í kjölfarið.

Verstu þættirnir: Þeir þættir sem standa verst eru leiguibúðir, framfærsla, launatekjur, leikskóli, atvinnuúrvall, íbúðir og framhaldsskólanám. Þá koma internet, atvinnuöryggi, vöruúrvall, afbreying, almenningssamgöngur, vöruberð, góður grunnskóli og háskólanám fast á eftir.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur í launatekjum og framfærslu hafa verið mest aðkallandi fyrir íbúa Borgarfjarðar og Dala af þeim þáttum sem spurt var út í haustið 2004. Þá eru úrbætur í leikskólumálum og úrvall atvinnu einnig aðkallandi.



Mynd 26: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Snæfellsnesi: Könnun framkvæmd haustið 2004

Mikilvægustu þættirnir: Þeir þættir sem eru mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu á Snæfellsnesi eru atvinnuöryggi, góð heilsugæsla og úrval atvinnu. Þar á eftir kemur gott vegakerfi, góður grunnskóli, góðar launatekjur, vöruúrval, hagstætt vöruverð, góður leikskóli.

Verstu þættirnir: Háskólanám, leiguþúðir, vöruverð, framfærsla, þá koma vöruverð, launatekjur, grunnskóli, afpreying, ibúðir og atvinnuúrval eru þeir þættir sem stóðu verst.

Niðurstaða: Þegar horft er til beggja kvarðanna, stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur vöruverðs og framfærslu hafa verið mest aðkallandi fyrir íbúa Snæfellsness af þeim þáttum sem spurt var út í haustið 2004. Huga þarf einnig að öðrum þáttum eins og vöruúrval, launatekjur, grunnskóla, úrval atvinnu, háskóla, ibúðir til leigu og kaupa auk afpreyngar.

7 Heimildaskrá

Hafdís Anna Bragadóttir, Helga Karlssdóttir, Sigríður Diljá Magnúsdóttir og Sindri Sigurgeirsson (2007) *Könnun á búferlaflutningum kvenna á milli höfuðborgarsvæðisins og jaðarsvæða þess. Misserisverkefni við Háskólann í Bifröst.*

Grétar Þór Eyþórsson, Eva Heiða Önnudóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir (2007) *Ímynd Vesturlands: Athugun á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra. Borgarbyggð: Rannsóknarstofnun Háskólangs í Bifröst.*

Vífill Karlsson (2005) *Youth unemployment: Iceland.* Vienna: ÖSB Consulting GmbH. Vefslóð: <http://pdf.mutual-learning-employment.net/pdf/netherlands05/NL%202005%20Iceland.pdf>.